REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Landsvirkjun nr. 115 frá 14. júní 1966.

1. gr.

Við 2. grein reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss.

2. gr.

3. grein reglugerðarinnar breytist þannig:

a. Í stað orðanna „raforkumálastjóra“ og „raforkumálastjóri“ í 3. tölulið komi: Orkustofnun.

b. Núverandi töluliður nr. 5 verði nr. 6 og í greinina komi nýr töluliður nr. 5, svo hljóðandi:

Að vinna að því í samvinnu við rafveitur á orkuveitusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa til hitunar húsa og annarra þarfa, eftir því sem hagkvæmt er talið.

3. gr.

8. grein reglugerðarinnar breytist þannig, að í stað fyrstu málsgreinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Stjórn Landsvirkjunar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og setur honum erindisbréf. Hún ræður einnig aðstoðarframkvæmdastjóra, yfirverkfræðing, rekstrarstjóra og skrifstofustjóra fyrirtækisins og aðra hliðstæða starfsmenn þess og segir þeim upp að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Aðstoðarframkvæmdastjóri er staðgengill framkvæmdastjóra í forföllum hans. Framkvæmdastjóri ræður aðra fasta starfsmenn Landsvirkjunar og segir þeim upp að fengnu samþykki stjórnar Landsvirkjunar. Stjórnin setur starfsreglur fyrir fasta starfsmenn að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og semur um starfskjör þeirra.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Landsvirkjun nr. 59 20. maí 1965, sbr. lög nr. 37 frá 16. apríl 1971, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 26. október 1971.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Stjórnartíðindi B 15, nr. 186—202. Útgáfudagur 5. nóvember 1971.